

Reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga
um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur
fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.

1.gr.

Sveitarfélög geta óskað eftir fjárhagsstuðningi til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að mæta kostnaði við rekstur dómsmála á sviði vinnuréttar enda sé líklegt að niðurstaða málsins feli í sér fordæmisgefandi niðurstöðu.

2.gr.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur ákvörðun um hvort fjárhagsstuðningur verðir veittur, að fenginni umsögn kjarasviðs, og að höfðu samráði við sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs.

Ákvarðanir framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. skulu teknar á grundvelli fjárheimilda samkvæmt fjárhagsáætlun sambandsins. Ef árlegt svigrúm samkvæmt fjárhagsáætlun er fullnýtt leitar framkvæmdastjóri eftir afstöðu stjórnar áður en beiðni um fjárstuðning er afgreidd.

Að jafnaði skal ekki verða um ósk við stuðning ef um er að ræða mál sem varðar óverulega hagsmuni og ekki er eðlilegt hlutfall milli þeirra hagsmuna og líklegs málskostnaðar

3.gr.

Umsókn um stuðning skulu fylgja eftirfarandi gögn;

- stefna,
- afstaða sveitarfélagsins til málsins,
- upplýsingar um helstu málsatvik sem ekki koma fram í stefnu eða sveitarfélagið telur að hafi þýðingu í málinu,
- helstu málsskjöl og önnur gögn sem þýðingu hafa.

Varði málið atriði sem fellur undir skilgreint hlutverk samstarfsnefnda samkvæmt ákvæðum kjarasamninga skal ákvörðun samstarfsnefndar um ágreiningsefnið liggja fyrir.

Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um hvort leitast hafi verið við að leysa málið utan dómstóla.

4. gr.

Kjarasvið skal í umsögn sinni leggja mat á það hvort úrlausn sé líkleg til að fela í sér fordæmisgefandi niðurstöðu og að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu fyrir sveitarfélög .

Við mat á því hvort mál teljist fordæmisgefandi skal einkum horft til þess hvort;

- atvik og ágreiningur sé þess efnis að úrlausn hans feli í sér almennt gildi og sé ekki einskorðuð við það tilvik sem til úrlausnar er,
- úrlausn feli í sér almenna skýringu á lagaákvæði, ákvæði kjarasamninga, óskráðri meginreglu vinnuréttar eða að með úrlausn verði mörkuð almenn réttarregla sem muni fela í sér að ákvæði sé skýrt með svo almennum hætti að ætla megi að þeirri skýringu verði fylgt til frambúðar,
- úrlausn feli í sér sjálfstæða viðbót við þær réttarheimildir sem lagðar eru til grundvallar í málum á sviði vinnuréttar,

- málsatvik séu þess eðlis að eðlilegt sé að öll sveitarfélög taki þátt í málskostnaði.

5. gr.

Fjárstyrkur tekur mið af reikningi lögmanns enda fylgi honum tímaskýrslur. Styrkur er almennt ekki hærrí en kr. 2.000.000 fyrir rekstur máls á fyrsta dómstigi. Sækja þarf um fjárstyrk að nýju ef máli er áfrýjað. Varði mál fleiri ágreiningsefni en það/þau sem hafa fordæmisgildi tekur upphæð fjárstuðnings mið af því .

Styrkur greiðist eftir að dómsniðurstaða liggur fyrir.

6. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku sambandsins í málskostnaði er að sérfræðingar sambandsins um vinnurétt eigi aðkomu að rekstri dómsmálsins þannig að tryggt verði að málatilbúnaður verði sem best úr garði gerður til að niðurstaða dómstóla verði fordæmisgefandi og hafi almenna skírskotun.

7. gr.

Synjun framkvæmdastjóra um fjárstuðning og ákvörðun um fjárhæð styrks má skjóta til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga innan 14 daga frá því ákvörðun framkvæmdastjóra er tilkynnt sveitafélaginu .

8. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á 842. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 2. september 2016 og taka þær þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. verður hámarksstyrkfjárhæð kr. 1.000.0000 fyrir rekstur máls á fyrsta dómstigi á árinu 2016.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er hægt að sækja um stuðning vegna mála sem flutt hafa verið á árinu 2016 og fallið geta undir reglurnar. Umsóknir vegna þeirra sem flutt hafa verið fyrir gildistöku reglnanna verða að hafa borist framkvæmdastjóra fyrir 1. október 2016.